



## Fundargerð

**5. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn á Teams 4. okt 2022 kl. 8:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir

Dagskrá:

**1. Fundarsetning**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

**2. Þóknanir fyrir stjórnarsetu**

Til umræðu voru þóknanir fyrir stjórnarsetu, borið saman við stjórnarlaun sveitarfélaganna í sýslunni. Ekki hafa verið gerðar breytingar á launum stjórnarmanna síðan 2016. Ákveðið var að taka mið af nefndarlaunum hjá Sveitarfélaginu Árborg. Formaður útbýr minnisblað sem lagt verður fyrir haustfund til afgreiðslu.

**3. Fjárhagsáætlanir stofnana Héraðsnefndar – framhald frá síðasta fundi.**

Önnur umræða fjárhagsáætlana stofnana eftir breytingar. Þær eru nú tilbúnar fyrir haustfund. Engar frekari athugasemdir voru gerðar.

**4. Drög að dagskrá Haustfundar sem haldinn verður 11. okt. nk á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Dagskrá haustfundar er nú tilbúin og verða gögn send út á næstu dögum.

**5. Tryggingamál Héraðsnefndar og stofnana**

Árið 2019 voru fengin tilboð í tryggingar fyrir stofnanirnar, þörf er á að endurskoða það og fá ný tilboð. Stjórnarformönnum falið að ræða við forstöðumenn.

**6. Næsti fundur**

Haustfundur þann 11. október kl. 8:30 á Sólheimum í Grímsnesi.

Fundi slitið 8:47

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Kjartan Björnsson  
Sandra Sigurðardóttir  
Gestur Kristjánsson  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Helgi Kjartansson